

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar  
c/o Sigurður Mar Óskarsson formaður  
cc skipulagsfulltrúi Axel Överby

Ágæti formaður og nefndarmenn,

Ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynna verkefnið Sólsetrið fyrir ykkur og þakka ennfremur góðar móttökur og uppbyggjandi umræðu á fundinum 14. ágúst er ég kynnti verkefnið.

Almennt upplifði ég anda fundarins sem jákvæðan gagnvart verkefninu. Ég lagði áherslu á og óskaði eftir bókun sem endurspegladi álit nefndarinnar og í framhaldinu vil yrði um staðsetningu/lóð fyrir verkefnið. Rætt var að bóka þá jákvæðni og fela skipulagsfulltrúa að vinna með mér að framhaldinu.

Bókunin var hinsvegar á þessa leið:

*"Pálmar mætti til fundar kl 09:30 og kynnti verkefni um Sólsetrið."*

Rætt var um að gera þyrfti deiliskipulag yfir svæðið og sagðist ég geta gert þá vinnu og lagt það fram. Skipulagsfulltrúi taldi að gera þyrfti breytingu á Aðalskipulagi og að það ferli gæti tekið um 2 ár. Ég sagðist mundi hafa samband við Skipulagsstofnun til að heyrja þeirra tón hvað þetta varðar.

Ég hef ekki fengið formlegt svar frá stofnuninni, sem taldi að erind þess efnis þyrfti að berast frá sveitarfélaginu. Ég var fyrst spurður hvað það væri í Aðalskipulaginu sem fulltrúi teldi ekki ná yfir þetta verkefni. Ekki þótti sýnt hvað í Aðalskipulaginu myndi kalla á breytingu.

Í framhaldi af óformlegu tali við fulltrúa stofnunarinnar hef ég tekið sama þá þætti sem snúa að sterkum rökstuðningi Aðalskipulagsins til að rúma svona verkefni, eins og ég hef í hyggju að koma á laggirnar á Þingeyri

Sólsetrið er hugsað staðsett á Oddanum, svæði sem í Aðalskipulagi er sýnt sem dökkgrænt svæði og skilgreint sem: "Opin svæði til sérstakra nota". Þetta svæði er nánar skilgreint með auðkennunum Ú25 og Ú26:

Hér eftir fara beinar tilvitnanir í Aðalskipulagið: (feitletrað er mín eigin áhersla og gert til að undirstrika atriði sem ég tel eiga beint við verkefni eins og Sólsetrið).

.....

bls 155

Ú25 - Fjaran á Þingeyri. Hluti af stærra svæði.

[Ákvæði](#)

Varðveita skal fjörunnar, en gera jafnframt ráð fyrir bættu aðgengi.

bls 116

Ú26 - Tjaldsvæði á Þingeyri. Hluti af stærra svæði.

[Ákvæði](#)

Gert ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Auka má þjónustu, þar sem við á. Huga ber sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð við skipulag og framkvæmdir.

.....

**bls 22 "Aðalskipulagið er ekki spá um líklega þróun í sveitarfélaginu, heldur er það stefna sveitarfélagsins um æskilega þróun....."**

**bls 21 Lífsgæðin og framtíðartækifærin felast í sögu, menningu og þeim náttúruauðlindum og mannauði sem er til staðar.** Áhersla er lögð á það að viðhalda þessum gæðum og takmarka ekki frelsi komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum.

bls 100 Hlúa þarf að frumkvæði, styðja og styrkja þau verkefni og hugmyndir að atvinnutækifærum sem þegar hafa komið fram og **auðvelda jafnframt nýjum hugmyndum að þróast. Halda þarf svæðinu opnu fyrir nýrri hugsun og nýsköpun, nýju fólki og um leið nýjum tækifærum.**

bls 100 Markviss uppbygging innviða og efling samfélagslegra þátta styður við atvinnulífið og stöðugleika þess og eykur líkurnar á því að fólk velji að búa í Ísafjarðarbæ. Uppbygging og endurbætur á íbúðarsvæðum, **opnum svæðum og aðstöðu til útivistar og íþróttar auka lífsgæði og líkur á stöðugleika** .....

bls 101 **Frumkvæði og hugmyndaauðgi skulu fá að njóta sín** svo öll tækifæri til eflingar atvinnulífs verði nýtt. Mikilvægt er að upplýst umræða fari fram við stefnumótun og einstakar ákvarðanir og að þær verði í sátt við umhverfið

bls 101 **Mikilvægt er að virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu með markvissum stuðningi.** Ívilnanir sem höfða til fólks og fyrirtækja, geta verið grundvallarforsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki komist á legg. ....

bls 111 **Kannanir og greiningar hafa leitt í ljós að markaðshlutdeild Vestfjarða í ferðaþjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en jafnframt eru miklir möguleikar til sóknar.**

bls 111 **Ferðamenn í heiminum í dag sækja í auknum mæli í lítt spillta náttúru sem verður sífellt sjaldgæfari. Jafnframt leitast þeir eftir nýrri upplifun í ferðum sínum.**

bls 111 Skv. könnunum á viðhorfum og hegðun ferðamanna á Vestfjörðum er **náttúran helsta aðráttarafl svæðisins**, sérstaklega hvað varðar erlenda ferðamenn. **Ferðamenn á Vestfjörðum eru náttúruunnendur sem sækja í frið og ró og eru meðvitaðir um umhverfið.** Slíkir ferðamenn krefjast almennt minni þjónustu og afþreyingar en sækja í að upplifa hið „ósnerta“ eða óhefðbundna.

bls 114 “Aðalskipulagið gerir ráð fyrir aukinni og fjölbreyttri ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. **Aðlaðandi umhverfi mun laða að sér ferðamenn og nýja íbúa, m.a. námsmenn, en einnig auka lífsgæði núverandi íbúa,** sbr. kafla 7 um byggð. **Æskilegt er að auka möguleika á afþreyingu á svæðinu en það hefur sömuleiðis jákvæð áhrif á íbúa sveitarfélagsins.**”

bls 115 “Mikilvægt er að efla samvinnu ferðaþjónustuaðila til að ná frekari árangri í ferðaþjónustu, m.a. við skipulagningu atburða sem geta haft jákvæð áhrif á mynd svæðisins. **Nýta á þau tækifæri sem felast í notkun gamalla bygginga, báta og svæða sem laða að ferðamenn og íbúa. Staðþekking er dýrmæt og mikilvægt er að nýta hana vel.**”

bls 153 **Mörg útivistarsvæði eru við fjöru eða í fjalllendi. Þessi svæði eru viðkvæm og ber því að taka tillit til umhverfis við alla skipulagningu og ákvarðanatöku.** ..... Í ljósi sögu svæðisins er lögð sérstök áhersla á aðgengi að fjörum. Gert er ráð fyrir því að svæðin umhverfis íbúðarhverfi og þéttbýli nýtist til almennrar útivistar. **Á þessum svæðum er heimilt að byggja upp skipulögð leik- og útivistarsvæði en leitast skal við að varðveita náttúrulegt landslag eins og kostur er.**

Tilvitnunum lýkur.

**Það má því álykta að Aðalskipulagið ekki einungis rúmi verkefni eins og Sólsetrið á þessu ákveðna svæði, heldur beinlínis hvetji til slíkrar eflingar opinna svæða og mannmífs með fjölbreyttum upplifunarmöguleikum.**

Verkefnið Sólsetrið á Þingeyri hefur það megin markmið að undirstrika einkenni staðarins, náttúruauðlindina sólsetur, í óviðjafnanlegu umhverfi.

Sólsetrið rammar inn helsta aðráttarafl svæðisins og er óhefðbundin leið til þess að upplifa hið “ósnerta”, hið ósnertanlega; sól sem sest í sæ og litar fjöllin fjörðinn og himininn.

Verkefnið er ný hugmynd um það hvernig virkja megi náttúrufrýriryrgði. Í því felast ný tækifæri til eflingar ferðamensku, búsetu og atvinnu.

Í hugmyndinni um Sólsetrið býr frumkvöðlakraftur, ný hugsun og nýsköpun og um leið nýj tækifæri.

Verkefnið er merki um sókn í að efla byggð á svæðinu og auka stöðugleika.

Sólsetrið er óvenjuleg nálgun, óhefðbundin áhersla á óspillta náttúru sem “auðlind” til framtíðar.

Sólsetrið mun hafa jákvæð áhrif á ímynd sveitarfélagsins, Dýrafjarðar og Þingeyrar sem samfélags.

Með Sólsetrinu er lögð áhersla á fjöruna og bætt aðgengi að henni auk þess að efla meðvitund um hreint, óspillt umhverfi.

Verkefnið mun ekki raska umhverfinu heldur bæta það og undirstrika mikilfengleika náttúrunnar.

Verkefnið mun ekki spilla náttúrulegu landslagi, enda er það hugsað staðsett á núverandi landfyllingu.

## **Niðurlag**

Umsókn um lóð var send inn 19. mars síðastliðinn - formlegt svar hefur ekki borist.

Verkefnið var kynnt fyrir Bæjarráði 27. maí og fyrir Skipulags- og mannvirkjanefnd 14. ágúst 2019

**Ég vil hér með hvetja Skipulags- og mannvirkjanefnd til að veita þessu verkefni brautargengi með því að veita vilyrði um lóð/staðsetningu á umræddu svæði á Oddanum á Þingeyri.**

Virðingarfyllt  
pálmar kristmundsson arkitekt  
aðalstræti 25 470 þingeyri/Ísafjarðarbæ  
[palmar@pkdm.is](mailto:palmar@pkdm.is)  
s. 8997097

**2019050058 - Verkefnið Sólsetrið á Þingeyri (27. Maí 2019)**

*Pálmar Kristmundsson, arkitekt, mætir til fundar bæjarráðs til að kynna verkefnið „Sólsetrið“ á Þingeyri.*

Bæjarráð fagnar kynningunni og lýsir sig áhugasamt um verkefnið sem er til framdráttar fyrir svæðið. Bæjarráð er hlynnt framgangi verkefnisins og tilbúið til að veita því brautargengi innan sveitarfélagsins.

Bókun bæjarráðs tilkynnist hér með.

**Hjördís Þráinsdóttir**  
**Skjalastjóri**

Stjórnsýslu- og fjármálasvið Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði  
450 8018 – [skjalastjori@isafjordur.is](mailto:skjalastjori@isafjordur.is) - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar 19. mars 2019

Sæll Axel

Þetta er fyrirspurn um lóð undir "Sólsetrið" sem er hugmynd að samfélagsverkefni sem er áningastaður fyrir Þingeyri, íbúa jafnt sem gesti. Tilgangurinn er að gera Þingeyri að "heimili" sólsetursins á Vestfjörðum með því að ramma inn ákveðin sjónarhorn á landslagið og sólsetrið sérstaklega.

Þetta er opin bygging, óeinangruð, óupphituð og opin almenningi allan sólahringinn. Byggingin er í 3 hlutum og einn hlutinn hýsir setustofu þar sem horfa má á útsendingu frá sólsetri víðsvegar um heiminn, þar sem það á sér stað á því augnabliki sem byggingin er heimsótt.

Meðfylgjandi er teikning sem sýnir staðsetninguna, á fyllingu við hlið Víkingasvæðisins á Oddanum. Salernisaðstaða sem fylgir Víkingasvæðinu myndi nýtast og þjóna þessu mannvirki líka. Meðfylgjandi er einnig pdf-kynning á verkefninu.

Ég geri ráð fyrri að svona fyrirspurn fari fyrir Skipulags og mannvirkjanefnd og hefði ég mikinn áhuga á að kynna verkefnið fyrir nefndinni. Ég hef heyrt af áhuga á að byggja þarna privathús en ekki séð neitt opinbert um það enda er þetta almenningssvæði og hluti af útivistarparadís þorpsins.

Ég heyri frá þér ef þú vilt fá þetta erindi sett fram á annan hátt eða ef þú hefur aðrar athugasemdir.

Virðingarfyllt

fh. áhugahóps um byggingu "Sólsetrið á Þingeyri"  
pálmar kristmundsson arkitekt

afrit sent á:

Íbúasamtökin Átak c/o Wouter Van Hoeymissen